

Halldór J. Árnason



Halldór J. Árnason Hafnarbraut 14B, 200 Kópavogi Sími: 894 9120 Netfang: hja@1819.is

Félag eldri borgara

Kópavogur 10. febrúar 2025

Bt. Uppstillinganefndar

Sæl/I,

Þegar ég fékk tölvupóst frá FEB þar sem óskað var eftir framboði félagsmanna í stjórn félagsins þá vakti það áhuga hjá mér að bjóða mig fram til stjórnarsetu.

Ég er viðskiptafræðingur að mennt og hef lengst af starfað hjá fjármálafyrirtækjum eða í 20 ár og var þar í hlutverki stjórnanda og m.a. sem sparisjóðsstjóri. Ég hef tekið þátt í mörgum stjórnnum og nefndum á ferli mínum og var um árabíl Rótarý félagi og sat þar í stjórn þannig að ég hef líka reynslu af stjórnarsetu í félagasamtökum.

Ég varð 65 ára síðastliðið haust og ákvað að fara á eftirlaun en síðasta starfið sem ég sinnti var að vera rekstrarstjóri hjá 1819 – Nýjum valkosti ehf. sem er upplýsingaveita sem í dag rekur meðal annars upplýsinganúmerið 1819 og appið Spara sem er FEB vel kunnugt um. Þrátt fyrir að vera kominn á eftirlaun þá langar mig að taka að mér verkefni sem mér þykja skemmtileg og gefandi. Ég hef fylgst með þeim málefnum sem eldri borgarar hafa þurft að berjast fyrir til að ná fram rétti sínum bæði fjárhagslega og húsnæðislega en þar liggur áhugi minn að fá að taka þátt í þeirri baráttu og efla líka félagslega þörf þeirra ásamt réttlátri meðferð í heilbrigðiskerfinu.

Ég hef hingað til átt auðvelt með að aðlaga mig að nýju starfsumhverfi og þykir jákvæður og auðveldur í mannlegum samskiptum. Einnig hef ég frumkvæði og metnað í þeirri verkefnavinnu sem ég hef tekið að mér.

Bestu kveðjur,

Halldór J. Árnason
Kt. 050959-4819

Haraldur Ásgeir Gíslason



Um mig

Ég heiti Haraldur Ásgeir Gíslason og er fæddur á Sauðárkróki 28 jan 1958

Ég bjó á Krók til 16 ára aldurs, var á Akureyri veturinn 74-75 síðan í Reykjavík síðan að undanskildum 2 árum á Ísafirði við nám í Bifvélavirkjun og sjómensku.

Næstu ár starfaði ég sem bifreiðasali og við verslunarstörf til 1986 þegar ég hóf störf á Bylgjuni þar sem ég starfaði sem aðalstarf og síðan íhlutastarfi til haust 2018.

Á árunum rak ég á samt sambýlis konu minni húsgagnaverslun (EgoDekor þarf ekki að koma framm) síðan sem bílstjóri í 4 ár í ferðaþjónustu aldraðra og fatlaðra og þekki þann bransa nokkuð vel og hvað betur bæti gera þar en núna síðari ár starfa ég sem ökuleiðsögumaður og leiðsögumaður.¿

Ég er ekki langskólagengin en hef ágæta menntun.

Ég er giftur Agnesi Völu Bryndal

Þetta er það helsta um mig

Með kveðju

Haraldur Á Gíslason

Jóhann Gunnar Ásgrímsson



Ég undirritaður er fæddur í Reykjavík árið 1952, gef kost á mér í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík á aðalfundi 27. febrúar næstkomandi. Ég er kvæntur Herdís Alfreðsdóttur hjúrunarfræðingi og á 4 börn og 7 barnabörn.

A. Stefnumál varðandi eldri borgara

Hugur minn stendur fyrst og fremst til að vinna að hagsmununum félagsmanna í húsnæðismálum. Það er flókið verkefni, en hér eru ónýtt tækifæri. Velgengni í þessum málaflokki ræðst ekki síst af góðum undirbúningi og faglegum stjórnarháttum. Reynslan á að hafa kennt okkur það.

Með setu minni í stjórn Leigufélags aldraðra hses (LA) kynntist ég vel lagaumhverfi og regluverki fyrir félagslegt íbúðarhúsnæði og fjármögnun þeirra. Ég átti góð samskipti við sterk félög á þessu sviði og hef átt farsæl samskipti Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) við greiða úr erfiðum málum.

B. Menntun og reynsla í stuttu máli

Ég er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1979 er með Cand. Oecon. gráður í fjármálum og markaðsmálum. Auk þess hef ég sótt endurmenntun og námskeið, heima og erlendis, á þeim sviðum sem ég sérhæft mig á.

Sem dæmi um reynslu af löngum starfsferli má nefna fjármálastjórnun, rekstrar- og fjárhagsáætlanagerð, endurskoðun og rekstrarráðgjöf, ársreikningagerð, reikningsskil og nýtingu upplýsingakerfa við rekstur fyrirtækja. Auk þessa er ég með reynslu í gerð kröfulýsinga, verkefnastjórnun, áhættu-, ferla- og gagnagreiningu.

Ég hef starfað bæði hér heima og erlendis, m.a. í Kanada, Englandi, Frakklandi og í Lúxemborg. Svo hef ég verið stundakennari við Háskóla Íslands þar sem ég kenndi endurskoðun og áhættugreiningu í tölvu-umhverfi.

Auk þess þýddi ég bók um samskiptastjórnun sem nýtist vel í hvers konar teymisvinnu, sértaklega við verkefnastjórnun.

C. Áhugamál

Verkefnastjórn, skipulagsmál, áhættugreiningar og mannleg samskipti í teymisvinnu. Auk þess efnahagsmál, stjórnsmál og málefni eldri borgara.

Reykjavík, 13. febrúar 2025

Með góðri kveðju,
Jóhann G. Ásgrímsson
johann.asgrimsson@gmail.com
gsm 618-5085

Jórunn Thorlacius Sigurðardóttir



Jórunn Thorlacius Sigurðardóttir
291054-2859

Reykjavík, 11/2 2025

Ég býð mig fram til setu í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni því mig langar til að taka þátt í aðgerðamiðaðri umræðu um lífsaðstæður mínar og þar með okkar allra á svokölluðu þriðja aldurs skeiði.

Aðstæður okkar eru um margt til fyrirmyndar. Ótal margt í boði okkur að kostnaðarlitlu, sundstaðir, líkamsrækt amk. hjá sumum íþróttafélögum, menningarkort Reykjavíkur 67+ veitir aðgengi að öllum söfnum, afsláttur í kvikmyndahús, leikhús svo eitthvað sé nefnt. Einnig rétt að nefna U3A Háskóla fyrir 50 ára og eldri, sem ég hef ekki persónulega reynslu af, en sýnist bjóða upp á fjölbreytt fræðslustarf. Mér sýnist þó í fljótu bragði að það mætti auka svolítið við fjölbreytnina hvað aldur fyrirlesara varðar og jafnvel efnisval. Ugglaust mætti nefna margt fleira veitir tækifæri til athafnasemi og afþreyingar sem ég hef ekki hugmynd um.

Allt þetta og meira til fer fram á ýmsum stöðum um borgina. Eldri borgarar búa út um allt í borginni og nágrenni og þurfa að komast á milli staða. Mörg okkar eiga bíl og geta ekið aðrir ekki. Mig langar til að strætó verði betri samgöngumáti einnig fyrir eldra fólk. Ég ferðast talsvert með strætó og sé þar sjaldan eldra fólk. Leiðakerfi vagnanna er enda illa miðlað, tímatöflur standast sjaldan, upplýsingar á stoppustöðvum eru illlæsilegar og fleira mætti telja. Ég vil með öðrum orðum stuðla að meiri hreyfanleika okkar með sjálfstæðum hætti.

Einnig hef ég áhuga á að stuðla að meiri blöndun milli aldurshópa. Sjálf vinn ég hlutastarf í bókabúð þar sem ég nýt þess að starfsfélagar mínir eru flestir 30 – 40 árum yngri en ég. Umgengni við þau, samtöl og því um líkt er mér örvun og innblástur. Hvernig slík blöndun yrði best framkvæmd veit ég reyndar ekki en ímynda mér þar gæti samræða fætt af sér hugmyndir þessu til viðbótar hef ég áhuga á að horfa inn í framtíð eldri borgara, ekki bara almennt heldur líka einstaklinganna. Framtíðin er vissulega að stytast hjá okkur öllum og núíð er ekki allt þótt mikilsvert sé. Hverju er við að búast þegar maður er 75 ára, 80 ára, 85 ára? Hvert skyldi vera hlutverk FEB í Reykjavík í því tilliti? Ég vil gjarnan taka þátt í umræðu um það.

Ég hef reynt að kynna mér starfsemi félagsins í gegnum netið og orðið ýmislegs vísari en margt veit ég ekki. Ég hlakka til samræðu við ykkur um öll þau fjölbreytilegu málefni sem félagði lætur sig varða.

Ég er 70 ára gömul og hætti eftir rúmlega 30 ár starfsferil í föstu starfi við Ríkisútvapið, rás 1 fyrir tæpum tveimur árum, í maí 2023. Ég hef þó gert nokkra þætti og gæti ugglaust gert fleiri fái ég hugmynd. Einnig hef ég unnið við greinaskrif og stjórnað leshring undanfarið fyrir utan hlutastarf mitt í bókabúðinni. Ég hef því ágætlega rúman tíma þótt ég vilji auðvitað líka sinna fjölskyldu minni, einkum barnabörnunum tveimur. Ég er við ágæta heilsu og get ekkert kvartað fjárhagslega.

Kristján Guðmundsson



Kristján Guðmundsson
Dugguvogi 7
104 Reykjavík
kristjang@pm.me
GSM 820 6680

Reykjavík, 12. febrúar 2025

Til: Félags eldri borgara í Reykjavík

Frá: Kristjáni Guðmundssyni vegna framboðs til stjórnar

Ég er frá Bolungarvík, fæddur á Ísafirði 1958. Ég útskrifaðist stúdent úr MA árið 1978 (eðlisfræðideild), Háskóla Íslands 1983 (Viðskipta- og hagfræðideild, Þjóðhagfræðikjarna) og MBA frá Rotterdam School of Management 1994 (1992-1994; RSM tilheyrir Erasmus háskólanum í Rotterdam). Ég starfaði hjá KLM flugfélaginu á stefnumótunarsviði milli skólaára árið 1993.

Í þrjú áratugi (1994-2023) sinnti ég fjölbreyttum störfum í Landsbankanum og dótturfyrirtæki bankans, Landsbréfum. Forstöðumaður hjá Landsbréfum 1994-1999, forstöðumaður markaðssviðs Landsbankans 1999-2004, útibússtjóri 2004-2012 og forstöðumaður á fjármálasviði Landsbankans 2012-2023. Ég hef auk þess reynslu af ráðgjafarstörfum, námskeiðahaldi og kennslu á háskólastigi. Áður en ég fór til náms í Hollandi starfaði ég hjá Landssambandi iðnaðarmanna (1985-1992) forvera Samtaka iðnaðarins, sem þá voru samtök atvinnurekenda í löggiltum iðngreinum.

Samhliða vinnu hef ég í mörg ár lagt ýmsu sjálfboðastarfi lið, t.d. innan Þjóðkirkjunnar. Ég var í sóknarnefnd Áskirkju í 13 ár, þar af formaður í 8 ár. Í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) frá 2013 og í framkvæmdastjórn KGRP (varaformaður framkvæmdastjórnar) frá 2018. Í stjórn Héraðssjóðs Reykjavíkurprófastsdæmis Vestra 2016-2024.

Ég hef lagt áherslu á að sækja mér þekkingu á ýmsum sviðum í gegnum tíðina. Nýlegast í þeim efnum er að ég útskrifaðist sem sáttamiðlari úr Sáttamiðlaraskólanum í nóvember 2023 og hef sótt námskeið í ritlist hjá Sunnu Dís Másdóttur á árunum 2024 og 2025 (yfirstandandi). Veturinn 2021-2022 sótti ég námskeið í heimspeki við Háskóla Íslands.

Ég er kvæntur Helgu Þórðardóttur, félagsráðgjafa og fjölskyldufræðingi fyrrum kennslustjóra í meistaranámi í fjölskyldufræðum. Við eigum 5 börn.

Ég hef áhuga á samfélagsmálum, stjórnámum, sögu og mannlífinu í öllum sínum fjölbreytileika. Lífsviðhorf mín grundvallast á því að gott samfélag skuli byggja á jöfnuði og samhjálp. Ég er af sumum talinn forfallinn golfari og finnst fátt skemmtilegra en að stunda þá göfugu íþrótt.

Ég vil með framboði mínu til stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík sýna í verki áhuga minn á að láta gott af mér leiða í hagsmunabaráttu eldri borgara. Ég tel að reynsla mín geti komið að notum.

Virðingarfyllt,
Kristján Guðmundsson

Markús Þórarinn Þórhallsson



Markús Þórarinn Þórhallsson

Dyngjuvegi 10

104 Reykjavík

Ég er fæddur 17. nóvember 1964 á Þórshöfn á Langanesi, og er því ný orðinn sextugur. Ég er kvæntur Bertu Ósk Stefánsdóttur, starfsmanni hjá Mími símenntun, og við búum við Laugardalinn. Ég á tvö uppkomin börn úr fyrra sambandi, þau Kristínu Aldísi og Mána Stein. Dóttir Bertu er Rut Þorbjörnsdóttir. Ég er með tvær meistaragráður; í sagnfræði og blaða- og fréttamennsku frá Háskóla Ísland og starfa sem fréttamaður á RÚV. Einnig hef ég sinnt stundakennslu við Háskóla Íslands.

Áður hef ég meðal annars starfað við sölumennsku og var dagskrárgerðarmaður á nokkrum útvarpstöðvum, lengst á Útvarpi Sögu eða í 13 ár. Ég hef alls konar áhugamál, en hin seinni ár hafa ferðalög skipað ríkan sess auk þess við bróðir minn eigum fornbíla sem okkur finnst gaman að stússa í. Alveg frá barnsaldri hef ég sinnt félagsstarfi af ýmsu tagi, bæði sjálfsprottnu og innan rötgróinna eininga.

Ég var formaður Sagnfræðingafélags Íslands árin 2019 til 2023 og var í stjórn Sögufélags í sex ár þar sem ég meðal annars setti á laggirnar hlaðvarpið Blöndu. Núna er ég meðstjórnandi í Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins og stjórnarmaður í landsnefnd íslenskra sagnfræðinga. Úr fortíðinni má nefna að ég hef verið formaður starfsmannafélags, setið í sóknarnefnd auk þess sem ég var fyrsti formaður foreldraráðs FB og sat þar með í skólanefnd. Þarna er aðeins fátt eitt talið.

Ég held ég megi fullyrða að ég sé duglegur til verka, ósérhlífinn og nokkuð útsjónasamur. Mér hefur verið lýst sem mannasætti og þeim sem kemur málum áfram án þess að ætla sér að gera allt sjálfur. Fátt þykir mér betra en að starfa með góðu fólki og hef ætíð getað átt samskipti við hvern sem er með góðum árangri. Ég er ófeiminn við að koma opinberlega fram og tjá hug minn. Því vona ég að slíkir eiginleikar og aðrir sem ég ætla að ég búi yfir geti nýst stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík.

Með vinsemd og virðingu

Markús Þ. Þórhallsson

Pétur Ásbjörnsson



Góðann daginn.

Pétur Ásbjörnsson heiti ég og kennitala er 131156-3329.

Hef starfað undanfarið í Sameyki áður SFR, sem trúnaðarmaður starfsfólks á Þjónustusviði Landspítala.

Er nú í Umhverfis og Loftlagsnefnd og í stjórn Vinnudeilusjóðs.

Hætti að vinna þann 1. Nóvember síðastliðinn og hef nú áhuga á að kynnast félaginu betur.

Hef verið óvirkur félagi í nokkur ár.

Verið 10 ár hjá Landspítala og þar áður hjá Simanum.

Hef mikinn áhuga á ferðalögum og fjallaferðum.

Hef verið í Hjálparsvæit Skáta Reykjavík, frá sautján ára aldri.

Menntaður bifvélavirki, kerfisfræðingur og leiðsögumaður.

mbk

Pétur Ásbjörnsson

Sigrún Unnsteinsdóttir



Sæl/Sæll

Ég bið mig fram til stjórnarsetu í FEB á næsta aðalfundi.

Er fædd 1957. Ólst upp í Garðahreppi (síðar Garðabæ). Hef öll mín fullorðinsár búið og starfað í Reykjavík. Hef aðallega starfað í eigin rekstri, en líka sem launþegi. Hef alltaf haft gaman af félagsstörfum og tekið þátt í hinum ýmsu félögum. Er ábyrg, hraust, virk og reglusöm.

Með vinsemd og virðingu.

Sigrún Unnsteinsdóttir kt. 220457-4009

Theódór S. Halldórsson



Nafn: Theódór S. Halldórsson
Kennitala: 201251-4439
Heimilisfang: Smyrilshlíð 1, 102 Reykjavík.
Sími: 896-2818
Netfang: tsh@centrum.is

Ferilskrá

- Starfsferill:** 2013 – 2022 Fjármálaráðgjöf og verkefnastjórnun, eigin rekstur. Sæti í framkvæmdastjórn SÁÁ, formaður byggingarnefndar og framkvæmdasviðs SÁÁ, tryggingar ráðgjafi varðandi flug, í öryggisstjórnstöð ISAVIA, stjórnarmaður í Valsmönnum hf, Hlíðarfæti ehf. Stjórnarformaður og í stjórn Íslandsspila í eigu SÁÁ, Landsbjargar, RKÍ og fl.
- 2010 – 2013 HBH ehf, verktakar og iðnaður á Íslandi og London. Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri.
- 2007 – 2010 Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík/Harpa. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélagsins Ago ehf, dótturfélags Potusar.
- 2004 – 2007 HBH ehf, verktakar og iðnaður Framkvæmdastjóri
- 2003 – 2007 Hjúkrunarheimilið Fellsenda Framkvæmdastjóri (verkefnaráðinn) heilbrigðismál.
- 1990 – 2002 SÁÁ Framkvæmdastjóri, heilbrigðis mál.
- 1979 – 1989 Sölusamtök lagmetis Framkvæmdastjóri, útflutningur sjávarafurða.
- 1975 – 1979 Endurskoðun ÞPJ ehf Endurskoðun og bókhald
- 1971 – 1974 Bifreiðaverkstæði Jónasar og Karls, Búnaðarbanki Íslands og Engelskbekklædnings magasin Almenn skrifstofustörf, bankastörf og verslunarstörf
-
- Menntun:** 1971 Verslunarskóli Íslands Verslunarpróf
- 1980 MH, öldungadeild
- 2004 Háskólinn í Reykjavík Diplómanám „Starfsmannamál og stjórnun“
-
- Námskeið:** Ýmis námskeið sem tengjast stjórnun, samningatækni, stefnumótun, mannauðsstjórnun, sölu, markaðsmálum, krísustjórnun og áætlanagerð.
-
- Tungumál:** Tala og rita ensku og dönsku vel.
-
- Tölvuþekking:** Öll algeng Microsoft forrit og helstu fjárhagskerfi.
-
- Félagsstörf:** Félagi í Lions á Íslandi frá 1983, er svæðisstjóri á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn golfklúbbs Kíðjabejrgs. Félagi í Knattspyrnufélaginu Val, verið formaður unglingaráðs, knattspyrnudeildar ofl.

Ari Karlsson



Ég heiti Ari Karlsson og er fæddur 2.september 1950 á Akureyri

Foreldrar mínir hétu Karl Jónasson, prentsmiðjustjóri, f. 23.desember1919 í Reykjavík, d. maí 2021

Guðný Aradóttir, hattasaumakona og húsmóðir, f. 10.apríl 1919 á Akureyri d. febrúar 2018

Eiginkona mín heitir Dóra Camilla Kristjánsdóttir f. 02.apríl 1954 í Reykjavík og eigum við tvær dætur,

Guðný Camilla Aradóttir f. 10. janúar 1975 og Gyða Björk Aradóttir f. 08.október 1978

Við eigum sex barnabörn.

Ég ólst upp á Akureyri til 10 ára aldurs er við fluttum "suður" í október 1960, og eftir vetursetu í Reykjavík fluttum við í nýtt hús í Kópavogi þar sem ég bjó þar til ég kynntist konunni minni 1971

Stundaði nám við Barnaskólann á Akureyri, Kársnesskóla í Kópavogi, Gagnfræðaskóla Kópavogs og síðan Iðnskólann í Reykjavík.

Lærði prentið hjá föður sínum og vann með honum framan af en flutti til Akureyrar 1994 þar sem ég rak litla prentsmiðju ásamt öðrum til 2002, flutti þá aftur suður og hóf eigin rekstur þar til ársins 2007 er ég seldi þann rekstur, söðlaði um og hóf störf í janúar 2008 hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við bókhald þar sem ég vann til sjötugs, fór þá á eftirlaun. Vann þó í afleysingum hjá Heilsugæslunni í rúmt ár eftir að ég fór á eftirlaun.

Ég hef verið viðloðandi ýmsa félagsstarfssemi í gegnum tíðina, starfaði í Oddfellow reglunni, er einn að stofnendum Ferðaklúbbsins 4X4, var formaður Eyjafjarðardeildar 4X4 í þrjú ár, sat í stjórn Bifhjólasamtaka lýðveldisins SNIGLA og stóð að stofnun Starfsmannafélags skrifstofu Heilsugæslunnar (STASH)

Áhugamálin hafa verið ýmis, t.d. hestamennska, stangveiði, fjallaferðir og útilega en í dag læt ég mótörhjólíð mitt duga og ferðast á því vítt um landið.

Ástæður þess að ég býð mig fram eru fyrst og fremst skerðingarmálin sem ég tel brýnasta mál lífeyrisþega, húsnæðismál eldri borgara og umönnun þeirra sem á því þurfa að halda.

Þessum málum tel ég að við þurfum að ná fram leiðréttingu/bætingu á hið fyrsta.

Áfram gamlingjar !
Ari Karlsson

Ástrún Björk Ágústsdóttir



Ferilskrá

Ástrún Björk Ágústsdóttir

Sími 844-3993

astrun.bjork.agustsdottir@gmail.com

Kt. 260559-2659

Menntun og reynsla:

Ég er viðskiptafræðingur að mennt og útskrifaðist vorið 1984. Ég var fjármálastjóri Félagsstofnunar stúdenta frá útskrift til apríl 1987. Frá þeim tíma vann ég hjá Íslandsbanka við ýmis störf. Árin 1987-2001 var ég forstöðumaður fjármála og rekstrar hjá Glitni fjármögnun (nú ERGO). Ég vann sem útibússtjóri frá 2001-2006. Haustið 2006 tók ég við sem forstöðumaður Viðskiptaumsjónar og starfaði þar uns ég lét af störfum hjá bankanum í lok maí 2024.

Fjölskylduhagir:

Ég er gift Guðmundi Ásberg Arnbjarnarsyni, rafeindavirkja, og við eigum fjögur börn og fjögur barnabörn.

Áhugamál:

Fjölskyldan, ferðalög, hreyfing og samskipti við fólk.

Hvers vegna vil ég fá tækifæri til að sitja áfram í stjórn FEB:

Undanfarin 2 ár hef ég setið í stjórn FEB. Margt hefur verið fengist við og verkefnið verið skemmtileg, krefjandi og áhugaverð. Ánægjulegt er að sjá hversu góð þátttaka félagsmanna er í öflugum félagsstarfi sem fram fer í húsakynnum félagsins. Að auki er uppselt í flest ferðalög sem boðið upp á bæði innanlands og utan.

Ég vil hafa áhrif á að velferð ört vaxandi hóps eldra fólks þessa lands sé tryggð. Hlutverk FEB um að gæta hagsmuna eldri fólks í hvívetna og stuðla að innihaldsríku menningarlífi þeirra finnst mér góður vettvangur til að ná árangri á þeim vettvangi. Þess vegna gef ég áfram kost á mér í stjórn FEB til næstu tveggja ára.

Bjarni Bjarnason



Sæl verið þið hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Ástæða þess að ég býð mig fram til setu í stjórn FEB er sú að ég er hættur að vinna og langar til þess að leggja gott af mörkum í félagsmálum.

Ég hef gegnt ýmsum störfum um ævina. Ég er jarðfræðingur og vélstjóri að mennt. Eftir að ég kom úr jarðtækninámi í Svíþjóð var ég ráðinn tæknistjóri Jarðborana hf. og gegndi því starfi í 7 ár. Þá var ég ráðinn framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar við Mývatn og þar var ég í þrjú ár. Eftir það var ég forstjóri Járnblendifélgasins á Grundartanga í 4 ár, (sem nú heitir Elkem). Ég var síðan 10 ár í Landsvirkjun, fyrst sem yfirmaður allra virkjana og formaður stóriðjunefndar, og svo forstjóri Landsvirkjunar Power í 3 ár. Loks var ég forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur í 12. Við hjónin vorum búin að ákveða að ég ynni ekki lengur en til 67 ára aldurs og við það stóð ég. Eftir það erilsama starf, þegar síminn og tölvupósturinn þagnaði, langaði mig að snúa mér að einhverju öðru og því sæki ég um stjórnarsetu hjá FEB.

Með góðri kveðju. Bjarni Bjarnason

Ég er 68 ára gamall og síminn er 617 7710

Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir



Kæru félagar í uppstillingarnefnd.

Hérna kemur kynning af mér og mínum hugarefnum.

Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir heiti ég og er fædd og uppalinn í Neskaupstað til nítján ára aldurs .Fæðingar dagur minn er 6.apríl 1956 þannig að ég nálgast óðfluga 69.ára afmælisdaginn .

Ég er gift og þriggja barna móðir og amma margra barnabarna, mikið rík kona .

Sem ung stúlka starfaði ég ýmislegt fyrir austan á mínum yngri árum , passaði börn- vann í fiski- verslunum og skrifstofu . Nítján ára tók ævintýraþráin yfir og fór ég til Reykjavíkur og leigði mér íbúð og fór að vinna hjá Landsbanka Íslands síðan Kreditkortum fyrirtæki ET og núna er ég að vinna í leikskóla og mun láta af störfum í lok maí núna í vor.

Ástæða þess að ég bið mig fram til trúnaðarstarfa hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrennis er sú að mig langar að leyfa félaginu að nýta krafta mína til að taka þátt í því frábæra starfi sem á sér stað þar.

Einnig er mér ofarlega í huga að við þurfum að berjast fyrir betri kjörum fyrir eldri borgara.

Ég er mikil félagsvera og hef mjög gaman að taka þátt í félagsstörfum.

Auk þess eru helstu áhugamál mín – göngutúrar-lestur góðra bóka -hitta skemmtilegt fólk – ferðast um landið okkar og erlendis .

Hef ég þetta ekki lengar en ef þið viljið frekari upplýsinar þá endilega hafið samband við mig .

GSM 6920212 og fsj0604@hotmail.com

Með kveðju frá mér til ykkar.

Guðrún Bergmann



Guðrún Bergmann

Kynning

Guðrún er fædd í Reykjavík þann 25. október árið 1950, dóttir hjónanna Laufeyjar Torfadóttur og Guðjóns Hermanns Hannessonar.

Guðrún lauk prófi frá Verzlunarskóla Íslands árið 1968 og B.S. prófi í ferðamálafræðum frá Háskóla Íslands árið 2002, auk þess sem hún er meðal annars lærður jógakennari og markþjálfari.

Mestan hluta ævinnar hefur hún starfað við eigin rekstur, meðal annars stofnaði hún verslunina Betra Líf árið 1989, en það var fyrsta bókaverslunin á landinu sem seld bara bækur og aðrar vörur tengdar andlegum málum og sjálfsrækt og um svipað leita hóf hún að halda ýmis konar sjálfsræktarnámskeið.

Árið 1995 flutti Guðrún, ásamt eiginmanni sínum heitnum Guðlaugi Bergmann að Hellnum á Snæfellsnesi, þar sem hugmyndin var að stofna, ásamt nokkrum öðrum, sjálfbært samfélag. Upp úr því spratt hótélrekstur og Guðrún rak Hótel Hellnar, þar til hún seldi það árið 2010 og flutti aftur til Reykjavíkur.

Hún hefur skrifað tuttugu og eina bók og þýtt fjórtán bækur frá árinu 1990 og skrifað fjölda greina í innlend og erlend blöð og tímarit auk greina á eigin vefsíðu. Síðustu tíu ár hefur hún haldið heilsustengd námskeið, auk þess sem hún starfaði frá árinu 2005 til 2019 í hlutastarfi sem fararstjóri í ferðum Bændaferða.

Guðrún hefur setið í ýmsum stjórnum félaga eins og Nýaldarbóka, Nýaldarsamtakanna, Ferðamálasamtaka Vesturlands, stjórn Upplýsingamiðstöðvar Vesturlands, í verkefnastjórn sem vann að umhverfisstjórn Snæfellsbæjar og setið í stjórn Atvinnuálanefndar Snæfellsbæjar svo eitthvað sé nefnt.

Pegar Guðrún sá auglýst eftir stjórnarmanni í stjórn Félags eldri borgara, ákvað hún að bjóða fram krafta sína. Hún hugsaði sem svo að hún hefði lengi notið krafta félagsins og nú væri kominn tími til að leggja eitthvað af mörkum til þess.

Gunnlaugur Auðunn Júlíusson



Nokkur orð um ástæðu þess að undirritaður býður sig fram til stjórnar í Félagi eldri borgara í Reykjavík.

Þegar einstaklingurinn er kominn á þann aldur að vera talinn til eldri borgara þá er eðlilegt að hugsa meira um sína hagsmuni og sína stöðu sem tengjast þeim tímamótum. Hvernig er að eldast í Reykjavík? Ég þekki þessa stöðu nokkuð vel í gegnum mömmu, sem er nú rétt tæplega 101 árs gömul. Þar sem ég hef tengst félagsstörfum mikið í gegnum síðustu áratugi þá fannst mér ekki úr vegi að bjóða fram þekkingu mína og reynslu til stjórnar í félaginu. Ég býð mig ekki fram undir fána ákveðinna kosningaloforða eða baráttumála. Reynslan hefur oft sýnt að það verður ekki mikið úr þeim þegar á hólminn er komið. Betra er að láta verkin tala ef mál skipast þannig að á muni reyna.

Ég er Vestfirðingur að hálfu og Vestur Húnavetningur að hálfu, fæddur og uppalinn á Móbergi á Rauðasandi í V-Barð.

Ég lak háskólagráðu í almennum landbúnaðarfræðum á sínum tíma. Eftir nokkur ár á vinnumarkaði hélt ég til Svíþjóðar og Danmerkur og stundaði þar nám í landbúnaðarhagfræði. Heim kominn vann ég í nokkur ár hjá Stéttarsambandi bænda og í landbúnaðarráðuneytinu en söðlaði síðan um og vann í aldarfjórðung að sveitarstjórnarmálum. Hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga starfaði ég í 16 ár sem sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs en síðan vann ég í tæp tíu ár sem sveitarstjóri á Raufarhöfn og í Borgarbyggð.

Eftir starfslok 2019 lauk ég meistaranámi í hagfræði vorið 2021. Ritgerðin fjallaði um fjármálastjórnun sveitarfélaga. Áður hafði ég lokið námi sem löggiltur verðbréfasali. Vorið 2021 lauk ég námi frá MK sem gönguleiðsögumaður og námi í almennri leiðsögn frá sama skóla árið eftir. Meiraprófi (D prófi) lauk ég haustið 2021. Síðan þá hef ég unnið mikið við leiðsögn erlendra ferðamanna um landið. Ég kenni námskeið um sveitarstjórnarmál við stjórnsmálaskor HÍ og hef einnig kennt á námskeiðum um fjármál sveitarfélaga við Stjórnsýslustofnun HÍ.

Helstu áhugamál mín eru útivist, ferðalög um hálendið, íþróttir margskonar og fuglaljósmyndun.

Vona að þetta nægi.

Gunnlaugur Auðunn Júlíusson
Rauðagerði 36
108 Reykjavík